

152 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 18. mars 2020 kl.10:00 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mætt voru; Eggert Kjartansson, Björgvin Helgason, Árni Hjörleifsson, Guðveig Eyglóardóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Sif Matthíasdóttir og Magnús Smári Snorrason sem sat fundinn í forföllum Lilju Ágústsdóttur. Jósef Kjartansson, Jakob B. Jakobsson, Einar Brandsson og Bára Daðadóttir tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Björn Hilmarsson boðaði forföll. Þá sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð.

Eggert Kjartansson, formaður SSV, setti fund kl.10.00

1. Fundargerð 151 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 151 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Fundargerðin var staðfest.

2. Ráðstefna um sameiningu sveitarfélaga

Rætt um nýja tímasetningu fyrir ráðstefnu um sameiningar sveitarfélaga, en ráðstefnunni sem fyrirhugað var að halda 12 mars s.l. var frestað sökum kórónaveirunnar. Rætt um að mögulega væri hægt að halda ráðstefnuna í lok maí eða byrjun júní. Tillaga að dagsetningu yrði send út síðar.

3. Innviðir á Vesturlandi

Lögð fram endanleg samantekt sem SSV vann fyrir forsætisráðuneytið um áhrif óveðursins í desember 2019 á ýmsa innviði á Vesturlandi og hvað úrbætur séu mikilvægar. Einnig var rætt um tillögur vinnuhóps forsætisráðuneytisins um úrbætur á Vesturlandi. Samþykkt var að koma fram athugasemdum við tillöguna og hnykkja á mikilvægi þess að sem fyrst verði farið í hringtengingu rafmagns N-1 á Snæfellsnesi og nægjanlegt varaafli tryggt á Snæfellsnesi meðan unnið er að hringtengingu.

4. Samgöngumál

Lögð fram umsögn SSV um tillögu til þingsályktunar um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegar. Í umsögninni er tekið undir mikilvægi þess að farið verði sem fyrst í framkvæmdir við Skógarstrandarveg.

Jafnframt var rætt um flutning á stoppistöð fyrir leið 57 úr Mjódd að BSÍ og framkvæmdastjóra falið að koma þeim ábendingum til Vegagerðarinnar að nú þegar verði stoppistöð fyrir leið 57 flutt úr Mjódd að BSÍ.

5. Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024

Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á vinnu við áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árið 2020, en Stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál samþykkti tillögur SSV að áhersluverkefnum. Þá var lögð fram skýrsla um viðhorf forstöðumanna safna á Vesturlandi til aukinnar samvinnu og samstarfs safna, en skýrslan var unnin að ráðgjafafyrirtækinu Creatrix. Loks var kynnt tillaga Úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vesturlands um að opna fyrir umsóknir fyrir öndvegisstyrki vorið 2020. Stjórn samþykkti að kallað yrði eftir umsóknum um öndvegisstyrki og nýta það fjármagn sem er óúthlutað vegna þess að verkefni hafi fallið niður eða sú fjárveiting sem var til úthlutunar hafi ekki verið fullnýtt.

6. Áfangastaðastofa

Lagt fram minnisblað frá fyrsta fundi vinnuhóps um Áfangastaðastofu Vesturlands og mögulega stöðu hennar innan SSV. Hópurinn mun halda vinnu sinni áfram.

7. Persónuverndarstefna og skjalstjórnarkerfi

Lagt fram minnisblað um vinnu við persónuverndarstefnu SSV og innleiðingu á skjalastjórnarkerfi. Stjórn tekur undir mikilvægi þess að vinna við persónuverndarstefnu og uppsetningu skjalastjórnunarkerfis verði kláruð. Starfsfólki SSV falið að vinna áfram að málinu.

8. Starfsmannamál

Rætt um starfsmannamál hjá SSV og mögulega ráðningu á sumarstarfsmanni. Stjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að ráða starfsmann í sérverkefni sumarið 2020, en óskar eftir því að þau verkefni verði skilgreind frekar.

9. Aðalfundur SSV

Rætt um aðalfund SSV. Stjórn samþykkti að fresta fundi um óákveðinn tíma vegna samkomubanns.

10. Ársreikningur Þjónusturáðs um málefni fatlaðra

Framkvæmdastjóri kynnti drög að ársreikningi Þjónustusvæðis Vesturlands um málefni fatlaðra. Stjórn samþykkti að vísa uppgjörinu til endurskoðunar.

Þar sem fyrir liggur að félagsmálaráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að rekstur Þjónustusvæðis um málefni fatlaðra verði lagður niður og Akraneskaupstaðar, Borgarbyggð og Félags- og skólaþjónusta Snæfellsness taki við verkefnum þess áréttar stjórn SSV fyrri samþykkt um að leggja þjónustusvæði um málefni fatlaðra á Vesturlandi niður. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að semja við KPMG um að gera upp starfsemi þess. Þá er þjónusturáði um málefni fatlaðra á Vesturlandi falið að vinna tillögu að því hvernig verði farið með eigið fé byggðasamlagsins.

11. Ársreikningur SSV

Á fundinn mætti Sigríður Helga Sveinsdóttir frá KPMG og kynnti ársreikning SSV. Fram kom að tekjur SSV árið 2019 voru alls kr. 135,320.898 og rekstargjöld voru kr. 128.591.066. Rekstrarhagnaður fyrir fjármunagjöld var því kr. 6.729.832. Fjarmunatekjur voru kr. 946.312 og hagnaður af hlutdeildarfélögum var kr. 6.112.181.-. Alls var því hagnaður á rekstri SSV að upphæð kr.13.788.325.-

12. Ársreikningur NVB ehf.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að ársreikningi NVB ehf sem hefur haldið utan um rekstur almenningssamgangna í Norðvestur kjördæmi. Fram kom að hagnaður var á rekstri félagsins árið 2019. Ársreikningur NVB ehf. fer til samþykktar stjórnar félagsins. Þar eða NVB ehf. hefur hætt rekstri almenningssamgangna leggur stjórn SSV til að rekstur félagsins verði gerður upp árið 2020.

13. Viðbrögð sveitarfélaga og SSV við kórónuveirunni

Rætt um viðbrögð sveitarfélaga á Vesturlandi og möguleg viðbrögð SSV við kórónaveirunni. Stjórn samþykkti að hækka fjárveitingu til áhersluverkefnis Sóknaráætlunar Vesturlands um Eflingu ferðaþjónustu um kr. 6.000.000. Auk þess sem Atvinnuráðgjöf SSV var falið að skoða sérstaklega stöðu fyrirtækja á Vesturlandi í kjölfar þeirra áhrifa sem Covid-19 veiran hefur haft á efnahagslíf Vesturlands og kynna þá aðstoð sem atvinnuráðgjöfin getur boðið fyrirtækjum. Þá var lögð fram tillaga stjórnar Vesturlandsstofu um að lækka árgjald samstarfsaðila Vesturlandsstofu. Stjórn samþykkti tillögu Vesturlandsstofu um að þjónustugjald samstarfsaðila Vesturlandsstofu verði kr.15.000 árið 2020. Loks var framkvæmdastjóra falið að undirbúa fund með framkvæmdastjórum sveitarfélaga á Vesturlandi.

14. Kynningarefni í N4

Rætt um mögulega gerð kynningarefnis fyrir SSV. Framkvæmdastjóra var falið að ræða við fulltrúa N4.

15. Framlögð mál

- a. Framkvæmdastjóri greindi frá þátttöku sinni í vinnuhópi á vegum Nordregio um sjálfbæra byggðapróun.

Fundi slitið kl. 12.50